

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
gera með sér svofellt**

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengjast frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Eingreiðsla**

Eftir samþykkt samnings greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

**3. gr.
Launahækkunir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.6.2011: 4,25%

1.3.2012: 3,50%

1.3.2013: 3,25%

1.3.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

**4. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag	15.000 kr.
--------------	------------	---------------	------------

Á árinu 2012	50.500 kr.		
--------------	------------	--	--

Á árinu 2013	52.100 kr.		
--------------	------------	--	--

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag	10.000 kr.
--------------	------------	---------------	------------

Á árinu 2012	27.800 kr.		
--------------	------------	--	--

Á árinu 2013	28.700 kr.		
--------------	------------	--	--

5. gr.
Frí í stað yfirvinnu

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 2.3.8 og verður sem hér segir:

- 2.3.8 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku, tími á móti tíma á dagvinnulaunum, en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

6. gr.
Vaktskrá lögð fram

Frá 16. júní 2011 breytist gr. 2.6.2 og verður sem hér segir:

- 2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki hjúkrunarfræðingur vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

7. gr.
Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna

Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.9 og verður sem hér segir:

- 2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

8. gr. Fæðisfé

Frá 1. júní 2011 breytist grein 3.4.2 og verður sem hér segir:

- 3.4.2 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:
1. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
 2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
 3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.3 og hljóðar svo:

- 3.4.3 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.4 og hljóðar svo:

- 3.4.4 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysliverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi grein 3.4.3 verður 3.4.5 og núverandi grein 3.4.4 verður 3.4.6.

9. gr. Ferðatími erlendis

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 5.5 og verður sem hér segir:

5.5 Ferðatími erlendis

- 5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 20 mínútna frí jafngildir 33,33% álagi, 33 mínútna frí jafngildir 55% álagi.

10. gr. Slysátryggingar

Ný grein 7.1.6 hljóði svo:

- 7.1.6 Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Embætti ríkislögmans fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.

11. gr. Fatapeningar

Frá 1. júní 2011 bætist við ný gr. 8.2.5 sem hljóðar svo:

8.2.5 **Fatapeningar**

Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar skv. gr. 8.2, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 föt) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (169,6 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

12. gr. Fræðslusjóðir

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 10.3 og verður sem hér segir:

10.3 **Starfsmenntunarsjóður**

- 10.3.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag í Starfsmenntunarsjóð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er nemi 0,22% af heildarlaunum félagsmanna.

13. gr. Lengdur uppsagnarfrestur

Við bætist nýr kafli 17.

Kafli 17 Uppsagnarfrestur

17.1.1 **Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfellt starf**

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
3. 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Núverandi kafli 17 verður kafli 18.

14. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 20. júní 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Lúti þær breytingar að þáttum sem varða lækkun launa, frestun launabreytinga eða gildistíma samnings eru aðilar sammála um að það kalli á sérstakar viðræður. Slíkar viðræður fari fram í sérstakri forsendunefnd skipaðri tveimur fulltrúum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og tveimur fulltrúum fjármálaráðherra.

Reykjavík, 4. júní 2011

F.h. fjármálaráðherra
með fyrirvara um samþykki

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**Bókanir með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
dags. 4. júní 2011**

Bókun 1

Verði samið um breytingar á algildum greinum kjarasamninga ríkisstarfsmanna eftir gerð þessa kjarasamnings þá ætla aðilar að þær breytingar eigi einnig við kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga eftir því sem við getur átt. Aðilar sammælist um hvernig fara skuli með slíkar breytingar.

Bókun 2

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd. Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma. Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv.

Samningsaðilar taka þátt í stýrihópi á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan. Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi. Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun 3

Fjármálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru starfsmanns vegna andláts nákomins ættingja, tæknifrjóvgunar og áfengismeðferðar. Vegna þessa verður öllum stofnunum sent bréf á haustmánuðum 2011 þar sem fram koma kröfur ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

Bókanir með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
dags. 4. júní 2011

Bókun 4

Aðilar eru sammála um eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir, þar til lyktir fást í ágreining Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og BHM vegna skiptingar FOS.

Framlag til bráðabirgða FOS Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga samkvæmt gr. 14.4.1 verði 0,75% af heildarlaunum frá 1. júní 2011.

Bráðabirgða FOS Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fái 20 milljónir króna á ársgrundvelli frá 1. júní 2011.

Þessar ráðstafanir falla niður í síðasta lagi í lok samningstímans. Fáist lyktir í ágreiningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og BHM skulu samningsaðilar taka ráðstafanir þessar til endurskoðunar.